

Stafrænar myndir I

Taktu góðar myndir



Til góðra verka!

Að þekkja myndavélina sína

Leiðbeiningar fylgja öllum myndavélum. Best er að kynna sér þær vel til að ná góðum myndum þegar á hólminn er komið.



Myndin hér fyrir ofan sýnir grunnstillingar á algengri myndavél, þetta getur verið breytilegt á milli véla:

- **Ytri hringur á myndavél** - taka myndir.
- **Ytri hringur á play-takka** - skoða myndir.
- **Innri hringur á AUTO** – myndavélin stillir sig sjálfvirktt að öllu leyti.
- **Innri hringur á P** – myndavélin velur sjálfvirktt hraða og ljósop – annað er hægt að stilla handvirktt (t.d. flass).
- **Innri hringur á Tv** – þú velur hraða en myndavélin velur viðeigandi ljósop. Þetta er kjörið ef þú vilt ná mynd af barni að leik. Með því að hafa hraðann 500 eða hærra getur þú verið viss um að myndin verður óhreyfð.
- **Innri hringur á Av** – þú velur ljósop en myndavélin velur viðeigandi hraða.
- **Innri hringur á M** – þú velur bæði ljósop og hraða.
- **Annað á innri hring** – best er að lesa leiðbeiningarnar með myndavélinni til að nýta þessar stillingar. Að kunna á þessar stillingar getur skipt sköpum til að náðri góðri mynd við aðstæður eins og að nóttu til, landslag eða geta stillt vélin þannig að hún smelli af samstundis og ýtt er á hnappinn en taki sér ekki tíma til að stilla fókusinn.

• Hvað er ljósop, hraði og ISO?

Hvernig þetta þrennt er stillt ræður því hvernig mynd er lýst, þ.e. hvort hún er of dökk (undirlýst), rétt lýst eða of mikið lýst (yfirlýst). Þegar smellt er af er opnað fyrir loka í myndavélinni þannig að ljós komist að myndflögunni. Því stærra sem opið er, því meira ljós kemst að og öfugt. Þetta er ljósopið. Hraðinn er hversu lengi þessum loka er haldið opnum. Því lengur opið, því meira ljós og öfugt. ISO talan segir svo til um hversu ljósnæm myndflagan er. Því hærra tala, því ljósnæmari verður myndflagan og því „grófkornóttari“ verður myndin. Því lægri sem talan er, því meira ljós þarf ljósflagan (eða lengri tíma) – og því fínkornóttari verður myndin.

Minni - Gott er að hafa nægt minni í stafrænu myndavélinni sinni, 500MB (hálf gígabæt) eða meira. Það er fátt verra heldur en hafa frábært myndefni fyrir framan sig en eiga ekki laust minni. Minniskort koma af nokkrum mismunandi gerðum. Ef þú ert að kaupa minniskort í myndavélina þína er einfaldast að fara með myndavélina með sér til að ganga úr skugga um að kortið passi í vélin.

Hvernig á að taka góða mynd?

Halda rétt - Það skiptir máli að halda myndavélinni stöðugri þegar smellt er af, annars getur myndin orðið hreyfð og óskýr – sérstaklega ef hraðinn er stilltur lágt (125 eða neðar). Það getur verið mjög gagnlegt að nota þrífót. Með þrífæti er t.d. hægt að:

- Taka myndir af fossum þannig að umhverfi fossins er skarpt en fossinn sjálfur flæðandi mjúkur. Þetta er gert með því að velja Tv og velja eins lítinn hraða og mögulegt er (hafa ISO eins lágt og mögulegt er).
- Taka myndir inni í byggingum þar sem er skuggsýnt og ná samt góðri mynd af því sem fyrir augu ber – án þess að nota flass. Þetta er gert með því að stilla ljósop 8 en hraðann á t.d. 15 sek. Ef myndin er of lítið lýst má prófa að auka hraðann í 30 sek. Þannig má prófa sig áfram með minni eða meiri hraða þangað til myndin er rétt lýst.




Metropolitan Cathedral Mexico City Janúar 2007
Ágúst Valgarð Ólafsson

Að stilla myndavélina miðað við aðstæður


- **Barn sem er úti að leik** - Til að ná góðri mynd af barni sem er úti að leika sér (á hreyfingu), verður myndin hreyfð nema hraðinn sé 500 eða meiri.
- **Landslag** - Nota þrífót – því minni hreyfing á myndavélinni þegar smellt er af – því meiri skerpa í myndinni. Ef myndavélin þín býður upp á sérstaka stillingu fyrir landslagsmyndatöku þá skaltu nýta hana.
- **Snjór** - Það er erfitt fyrir myndavélar að ná réttri ljósmælingu þegar sólin skín á hvítan snjó. Flestar myndavélar eru með sérstaka „snjó“ stillingu til að leiðrétta þetta.
- **Myndir af fólki** - Oftast erum við að taka myndir af fólki. Ef bakgrunnurinn skiptir litlu máli þá er hægt að stilla myndavélina þannig að bakgrunnurinn detti alveg úr fókus en myndefnið sé skarpt og í fókus. Einföld leið til að gera þetta er að stilla myndavélina á „Av“ og velja stórt ljósop (t.d. nálægt 4 eða 5). Svona stilling dregur myndefnið fram og skerpir á því.

Það getur stundum verið erfitt að fókusa, t.d. ef myndefnið er barn að leik. Ef myndavélin býður upp á það er gott ráð að stilla fókusinn á einhvern fastan punkt sem er svipað langt frá og myndefnið, festa fókusinn þar, færa svo myndavélina á myndefnið (barnið) og smella af á réttu augnabliki.




Flass

Flest allar myndavélar koma með innbyggðu flassi til að lýsa upp myndefnið. Algeng mistök við notkun á flassi:

- Ofnotkun. T.d. ef myndefnið stendur við hliðina á glugga gæti myndin verið mun líflegri án flass. Ef þér sýnist nægt ljós koma á myndefnið, prófaðu þá að sleppa flassinu.
- Kunna ekki að stilla flassið þannig að það komi í veg fyrir „rauð augu.“ Flestar myndavélar er hægt að stilla þannig að flassið (eða sérstakt ljós á myndavélinni) gefi skært ljós 1-2 sinnum áður en myndin er tekin og þannig venjast augun við og verða ekki rauð á myndinni.  er algengt merki til að stilla þetta.

Helstu ókosturinn við myndir sem eru lýstar með innbyggðu flassi er að þær verða „flatar“ þar sem flassið kemur beint framan á myndefnið. Myndir sem eru teknar án flass (eða eru teknar með flass kerfum) hafa meira líf þar sem ljósið kemur víðsvegar að myndefninu. Yfirleitt er ekki hægt að taka myndir innandyra án þess að nota flass, ekki nema myndefnið sé við hliðina á björtum glugga eða myndavélin sé með linsu sem býður upp á stórt ljósop.



Ef þú átt myndavél með skiptanlegum linsum þá er líklega hægt að kaupa einfalda linsu sem býður upp á stórt ljósop (t.d. niður í töluna 1.7) sem gerir mögulegt að taka myndir við lág birtuskilyrði. Slík ljósmyndun er mjög skemmtileg því myndirnar verða meira lifandi með ríku samspili ljóss og skugga (sjá mynd hér til vinstri).

Aðrir bæklingar í þessari ritröð:

- **Stafrænar myndir 2** – Undirstöðuatriði í meðhöndlun og geymslu stafrænna ljósmynda.



Til góðra verka!